



Skýrsla ræktunarráðs fyrir starfsárið 2013 – 2014

Ræktunarráð hafði ekki verið virkt um nokkura ára skeið en var endurvakið á stjórnarfundi þann 10. Febrúar 2010.

Ræktunarráð á að vera skipað af fjórum félagsmönnum, þar af a.m.k. einum stjórnarmanni, auk skráningarstjóra. en í ræktunarráði í dag eru:

Vigdís Andersen, sem formaður og fulltrúi stjórnar
Steinunn Anna Eiríksdóttir, sem ritari
Sveinn Svavarsson, fulltrúi skráningarstjóra
Helga Andrésdóttir, félagsmaður og
Guðbjörg Guðmundsdóttir, fulltrúi stjórnar

Samkvæmt reglum félagsins skal Ræktunarráð skal hafa umsjón með útgáfu ættbóka og skráningarskírteina í samráði við skráningarstjóra. Ræktunarráð skal einnig sjá um skráningu innfluttra katta. Að öðru leyti vinnur ræktunarráð samkvæmt reglum Kynjakatta um útgáfu ættbóka og ræktunar- og skráningarreglum FIFe.

Við höfum ekki haldið formlega fundi frá síðasta aðalfundi, en flest okkar samskipti fara fram í gegnum tölvupóst.

Árið 2013 skráðum við 163 ketti í félagið, sem er tölverð fjölgun frá árinu áður en þá voru 121 köttur skráður.

2013

CAT 1	CAT2	CAT 3	HUS
PER	21*	MCO	57**
EXO	6	NFO	36*
		CRX	3
		SPY	10
		SOM	2
		BRI	3

*þar af 1 innfluttur

**þar af 2 innfluttir

Fyrir hönd ræktunarráðs Kynjakatta

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Guðbjörg Guðmundsdóttir